

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1049**2019/EES/31/26****frá 25. júlí 2018****um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (1), einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þær afurðir úr jurta- og dýraríkinu sem hámarksgildi fyrir leifar af varnarefnum, sem fastsettar voru með reglugerð (EB) nr. 396/2005, gilda um, með fyrirvara um ákvæði þeirrar reglugerðar, eru skráðar í I. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 var skipt út með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2018/62 (2).
- 3) Með reglugerð (ESB) 2018/62 var m.a. vörinni „hreðkublöð“ bætt við í B-hluta I. viðauka og hún tengd við vöruna „grænkál“ í A-hluta sama viðauka. Hámarksgildi leifa fyrir grænkál gilda því einnig fyrir hreðkublöð.
- 4) Nýlegar upplýsingar benda til þess að hámarksgildi leifa fyrir grænkál henti e.t.v. ekki fyrir hreðkublöð í öllum tilvikum og að þörf sé á sérstökum prófunum á leifum á hreðkublöðum til að staðfesta viðeigandi hámarksgildi leifa.
- 5) Því er rétt að kveða á um umbreytingartímabil áður en hámarksgildi leifa fyrir grænkál taka gildi fyrir vöruna „hreðkublöð“ til að hægt sé að afla nauðsynlegra gagna. Í þessu skyni ætti að bæta við nýrri neðanmálsgrein (3) í tengslum við vöruna „hreðkublöð“ í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 6) Því ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 7) Til að tryggja að breytingar varðandi hreðkublöð, sem bætt var við með reglugerð (ESB) 2018/62, valdi ekki óþarfa röskunum á viðskiptum og til að gera kleift að setja vörur, sem uppskerutímabil fyrir hefst vorið 2018, á markað ætti þessi reglugerð að taka gildi frá og með 1. apríl 2018.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er eftirfarandi neðanmálsgrein (3) bætt við og hún tengd við færsluna fyrir „hreðkublöð“:

„(3) Hámarksgildi leifa skulu gilda um hreðkublöð frá og með 1. janúar 2022“.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2018.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 189, 26.7.2018, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/62 frá 17. janúar 2018 um að skipta út I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (Stjtið. ESB L 18, 23.1.2018, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
